

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2007


Quarterly national accounts, 4th quarter 2007

Samantekt Landsframleiðsla er talin hafa vaxið um 4,6% að raungildi á 4. fjórðungi ársins 2007 frá sama fjórðungi árið áður. Á sama tíma jókst einkaneysla um 7,6% og samneysla um 3,7% en fjárfesting dróst saman um rúmlega 29% og þjóðarútgjöld drógust saman um 5,7%. Útflutningur jókst um 24%, en að meðtöldum flugvélum jókst hann um rúmlega 46%. Á sama tíma jókst innflutningur um tæp 4%. Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla sýnir 0,3% vöxt frá 3. ársfjórðungi 2007 til 4. ársfjórðungs 2007. Þar af mælist 0,9% aukning í einkaneyslu en þjóðarútgjöld dragast saman um 2,9% á ársfjórðungnum.

Einkaneysla eykst Einkaneysla er talin hafa vaxið um 7,6% á 4. ársfjórðungi 2007 frá sama tíma árið áður. Þetta er nánast sami vöxtur og var á 3. ársfjórðungi. Vöxtur einkaneyslunnar er einkum drifinn áfram af bílakaupum sem jukust um 34% á 4. ársfjórðungi en vöxtur er nánast í öllum liðum einkaneyslunnar.

Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume changes on same quarter in the previous year



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2006 og 2007. Preliminary figures 2006 and 2007.

Samdráttur hefur verið í fjárfestingu alla ársfjórðunga ársins og hún er talin hafa minnkað um 29,1% á 4. ársfjórðungi 2007 frá sama tíma árið áður. Fjárfesting atvinnuveganna dróst saman um 45,3% en fjárfesting hins opinbera jókst um 6%. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði óx um 16,1%. Samdrátturinn í fjárfestingu atvinnuveganna skýrist einkum af minni fjárfestingum í stóriðju- og orkuverum, en þær



fjárfestingar náðu hámarki árið 2006. Einnig dróst fjárfesting í flugrekstri saman vegna þess að sala á flugvélum var meiri en kaup.

Vöxtur bæði í útflutningi og innflutningi

Þjóðarútgjöld eru talin hafa dregist saman um 5,7% á 4. ársfjórðungi miðað við sama tíma árið áður. Útflutningur jókst um 46,2% á fjórðungnum en þar af jókst vöruútflutningur um 63,6%, sem að hluta má rekja til meiri sölu á flugvélum en árið áður. Einnig er mikill vöxtur í útflutningi afurða stóriðju en áframhaldandi samdráttur í útflutningi sjávarafurða. Án útflutnings á flugvélum nam aukningin um 24%. Útflutningur á þjónustu jókst um 11,4%. Á móti auknum vöruútflutningi lækkar fjárfesting þannig að áhrifin á landsframleiðslu eru óveruleg.

Innflutningur á vöru dróst saman um 0,2% en innflutningur á þjónustu óx um 12,5% á 4. ársfjórðungi. Í heildina jókst innflutningur um 3,7% á fjórðungnum.


Þar sem útflutningur jókst meira en innflutningur dró úr viðskiptahalla. Minni viðskiptahalli olli því að landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi óx umfram þjóðarútgjöld á fjórðungnum.

3,8% hagvöxtur 2007

Landsframleiðsla á árinu 2007 er talin hafa numið 1.279 milljörðum króna borið saman við 1.168 milljarða árið 2006. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 3,8%.

Mynd 2. Landsframleiðsla, keðjutengt verðmæti, viðmiðunarár 2000

Figure 2. GDP, chain-volume measures, reference year 2000




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2006 og 2007. Preliminary figures 2006 and 2007.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla

Árstíðaleiðréttar tölur um landsframleiðslu sýna 0,3% vöxt á föstu verðlagi frá 3. fjórðungi til 4. fjórðungs síðasta árs, eftir 1,3% vöxt á ársfjórðungnum þar á undan. Er hér sem fyrir miðað við vöxtinn á milli samliggjandi ársfjórðunga, en ekki frá sama fjórðungi fyrra árs. Árstíðaleiðréttar tölur benda til lítilsháttar aukningar í einkaneyslu, eða 0,9% frá 3. ársfjórðungi 2007, eftir 2,2% vöxt á fjórðungnum þar á undan. Að teknu tilliti til árstíðabundinna þátta dragast þjóðarútgjöld saman um 2,9% frá fyrra ársfjórðungi eftir 1,4% samdrátt á þriðja ársfjórðungi 2007.

Mynd 3. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 3. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2006 og 2007. Raunbreytingar frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2006 and 2007. Change from the previous quarter.

Birgðabreytingar Talið er að á 4. ársfjórðungi hafi rekstrarvörubirgðir í álframleiðslu aukist um 5,2 milljarða króna. Birgðir annarra rekstrarvara og birgðir útflutningsvara eru aftur á móti taldar hafa minnkað og niðurstaðan er að birgðir hafi minnkað um 2 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2007.

Keðjutenging Árleg keðjutenging var tekin upp í þjóðhagsreikningum á Íslandi árið 2005. Fyrir þann tíma var miðað við fast verð tiltekins árs (grunnárs) við útreikning á magnbreytingum. Kosturinn við keðjutengingu er sá að hún gefur nákvæmari mynd af breytingu á milli ára þar sem magnbreytingin er nú reiknuð sem breytingin á föstu verði fyrra árs í stað grunnárs. Ókostur þeirrar aðferðar sem áður var notuð er sá að notkun grunnárs veldur ónákvæmni því lengra sem líður á milli grunnársins og þess árs sem verið er að reikna. Keðjutenging hefur aftur á móti þann ókost að samtölur stemma ekki við undirliði.

Ýtarleg sundurliðun birt á vefnum Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á netinu er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2008 birt í júní Tölur um landsframleiðsluna á 1. ársfjórðungi 2008 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 12. júní 2008.

English summary

In real terms, GDP in the 4th quarter of 2007 grew by 4.6% from the same quarter of the previous year. During the period there was an increase in household final consumption by 7.6% and government final consumption by 3.7%. Fixed capital formation decreased by just over 29% and total domestic expenditure decreased by 5.7% in real terms. Exports increased by 24%, and if export figures for aircraft are included the growth was over 46%. Imports increased by almost 4% in the 4th quarter of 2007 compared with the same quarter of 2006.

Investment decreased by 29.1% during the period despite the fact that investment in residential construction grew by 16.1%. Exports increased by 46.2% which can partly be explained by exports of aircraft.

Seasonally adjusted series show a 0.3% rate of growth in GDP in the 4th quarter of 2007 after a 1.3% growth in the 3rd quarter. Seasonally adjusted figures show a 0.9% rate of growth in household final consumption from the 3rd to the 4th quarter of 2007 but gross domestic final expenditure fell by 2.9% during the same period.

Tafla 1. Landsframléiðsla eftir ársfjórðungum 2003–2007*Table 1. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2003–2007*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govvern. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framléiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, millj. króna								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2003	481.541	219.292	167.866	-1.453	867.245	288.552	-314.314	841.483
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	113.224	53.906	38.338	2.261	207.729	70.906	-67.695	210.939
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	120.300	54.540	40.920	-353	215.408	67.861	-78.552	204.717
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	121.270	55.455	44.967	34	221.726	80.326	-87.508	214.544
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	126.747	55.391	43.640	-3.395	222.383	69.460	-80.559	211.283
2004	530.295	233.108	218.477	-918	980.961	316.903	-369.208	928.656
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	123.460	57.118	47.449	3.412	231.439	73.098	-79.477	225.060
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	132.712	58.327	54.455	-1.108	244.387	75.170	-94.661	224.896
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	131.937	59.315	56.719	-3.595	244.376	90.028	-96.896	237.507
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	142.185	58.347	59.854	374	260.760	78.607	-98.174	241.193
2005	610.380	252.729	291.265	-862	1.153.511	324.450	-451.710	1.026.251
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	139.629	61.066	59.707	4.068	264.469	72.842	-95.542	241.768
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	156.089	63.073	68.396	-4.904	282.653	88.264	-116.144	254.773
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	152.769	64.403	82.345	2.093	301.610	87.938	-122.460	267.088
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	161.893	64.188	80.818	-2.119	304.780	75.406	-117.565	262.622
2006¹	685.421	285.371	393.341	13.498	1.377.630	374.152	-584.098	1.167.684
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	161.247	68.829	86.045	3.686	319.808	77.727	-123.758	273.776
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	176.878	71.325	95.080	792	344.075	102.501	-156.986	289.590
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	169.985	72.102	100.534	6.765	349.386	103.492	-151.540	301.337
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	177.311	73.114	111.681	2.255	364.362	90.433	-151.814	302.981
2007¹	746.582	314.433	351.613	2.952	1.415.579	451.743	-587.943	1.279.379
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	170.256	76.603	77.189	1.546	325.594	109.734	-132.883	302.446
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	190.378	78.371	92.162	1.100	362.011	106.590	-148.545	320.056
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	187.926	78.426	99.627	2.306	368.285	106.521	-145.069	329.736
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	198.022	81.034	82.635	-2.001	359.690	128.898	-161.446	327.142

Skýring *Note:* Fram til 1. ársfjórðungs 2003 ná tölur um birgðabreytingar aðeins til áls og kísiljárns en þá lágu fyrir fyrstu tölur Hagstofunnar um birgðabreytingar í sjávarútvegi og voru þær teknar inn í ársfjórðungstölurnar frá þeim tíma. Birgðabreytingar í sjávarútvegi á árinu 2003 höfðu ekki áhrif á breytingu árstalna. Frá 1. ársfjórðungi 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í olíu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. *Up to the first quarter of 2003 changes in inventory only covered changes in aluminium and ferro-silicon. Since then changes in inventory of fish products were also included in quarterly accounts. Changes in inventory of fish products 2003 had no influence on annual figures that year. Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 2. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2003–2007

Table 2. Annual GDP volume growth 2003–2007

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govvern. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in Inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2003	6,1	1,8	11,1	-0,2	5,7	1,6	10,8	2,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,4	3,5	10,4	1,4	7,9	5,9	1,3	9,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,3	2,9	11,5	0,2	6,1	-3,8	10,9	0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,7	1,7	10,8	-0,3	5,2	4,0	16,4	0,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,1	-0,7	11,6	-1,9	4,0	0,6	13,8	-0,5
2004	6,9	2,2	28,1	0,1	9,9	8,4	14,5	7,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,7	2,3	23,4	0,6	9,0	4,9	17,0	4,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,8	2,7	29,6	-0,3	9,9	6,1	13,9	7,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,5	2,9	23,3	-1,8	6,6	10,3	7,6	7,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,6	0,8	35,9	1,8	14,0	12,3	20,6	11,1
2005²	13,0	3,5	35,7	0,0	15,8	7,2	29,4	7,5
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	9,8	2,7	24,7	0,4	11,3	2,1	24,2	3,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	15,6	3,6	26,2	-1,8	13,5	21,7	27,5	10,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	14,3	3,2	49,0	2,4	22,3	3,4	34,5	10,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	12,0	4,4	40,6	-1,0	15,8	2,6	30,6	5,5
2006²	4,4	3,9	20,4	1,1	9,3	-5,0	10,2	4,4
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	11,6	4,2	39,8	-0,2	15,9	-0,1	26,1	6,8
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	5,2	2,7	24,4	2,2	11,6	-6,8	12,3	4,8
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	1,4	4,2	6,2	1,0	4,0	-6,4	0,1	2,5
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	0,2	4,7	17,3	1,4	6,8	-6,2	5,8	3,8
2007²	4,2	3,3	-14,9	-1,0	-2,3	18,1	-1,4	3,8
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	-1,9	2,8	-20,8	-0,9	-7,1	16,2	-9,2	1,2
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	3,7	3,3	-5,3	0,1	1,0	6,8	-1,1	4,1
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	7,5	3,4	-2,7	-1,3	2,8	6,3	0,5	5,4
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	7,6	3,7	-29,1	-1,7	-5,7	46,2	3,7	4,6

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2003–2007, árstíðaleiðréttTable 3. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2003–2007*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>						
2003	6,1	1,8	5,7	1,6	10,8	2,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	5,2	2,8	8,1	5,2	-0,9	8,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,8	3,3	5,4	-3,8	12,1	0,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,1	1,7	4,9	4,1	18,7	0,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,4	-0,5	4,7	1,1	13,8	-0,1
2004	6,9	2,2	9,9	8,4	14,5	7,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,4	3,1	8,4	4,6	16,1	4,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,4	2,2	10,3	5,8	14,3	6,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,9	2,3	7,2	10,6	8,7	7,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,9	1,1	13,6	12,7	19,2	11,5
2005¹	13,0	3,5	15,8	7,2	29,4	7,5
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	10,6	2,0	11,4	2,2	23,0	3,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	14,3	3,5	13,4	20,9	28,3	10,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	14,7	3,8	21,6	4,0	36,7	10,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	12,2	4,7	16,8	3,0	29,0	5,7
2006¹	4,4	3,9	9,3	-5,0	10,2	4,4
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter</i> ¹	10,8	3,9	15,9	-0,5	24,9	6,9
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter</i> ¹	5,5	3,0	12,0	-7,2	12,7	4,5
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter</i> ¹	1,5	3,9	6,0	-6,1	0,7	2,5
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter</i> ¹	0,3	4,9	4,3	-6,0	5,2	4,0
2007¹	4,2	3,3	-2,3	18,1	-1,4	3,8
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter</i> ¹	-1,8	2,6	-4,3	15,0	-8,9	1,4
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter</i> ¹	3,5	3,5	0,4	6,1	-1,1	3,9
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter</i> ¹	7,7	3,9	-0,9	6,2	0,9	5,4
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter</i> ¹	7,7	3,3	-4,3	45,6	3,3	4,6

Skýring *Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.*¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2003–2007, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2003–2007*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i>						
2003						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,0	-1,8	3,4	3,9	1,2	3,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,3	0,8	-0,4	-6,7	6,4	-5,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,3	0,1	1,3	5,7	7,8	1,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,6	0,3	0,3	-1,3	-1,9	0,6
2004						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	1,8	7,2	7,5	3,2	8,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,3	-0,1	1,3	-5,7	4,8	-3,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,8	0,2	-1,6	10,6	2,5	1,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	4,4	-0,8	6,4	0,5	7,6	4,1
2005¹						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,7	2,7	5,0	-2,4	6,5	0,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,7	1,5	3,1	11,5	9,3	3,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,2	0,4	5,6	-4,9	9,1	1,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,1	0,0	2,1	-0,5	1,5	-0,3
2006¹						
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter</i> ¹	2,4	2,0	4,3	-5,7	3,1	2,1
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter</i> ¹	-1,2	0,6	-0,4	4,1	-1,4	0,8
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter</i> ¹	-1,7	1,2	-0,1	-3,8	-2,5	-0,1
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter</i> ¹	0,9	1,0	0,5	-0,4	6,0	1,2
2007¹						
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter</i> ¹	0,3	-0,2	-4,3	15,3	-10,7	-0,4
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter</i> ¹	4,2	1,5	4,5	-3,9	7,1	3,3
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter</i> ¹	2,2	1,6	-1,4	-3,7	-0,5	1,3
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter</i> ¹	0,9	0,5	-2,9	36,5	8,5	0,3

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Hagtiðindi Þjóðhagsreikningar
Statistical Series *National accounts*

93. árgangur nr. 18

ISSN 0019-1078

2008:2

ISSN 1670-4657 (pappír paper) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 Price EUR 7

Umsjón Supervision Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir • gudrun.gudmundsdottir@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

Bréfasími Fax +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. Please quote the source.

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series